Nd. **112. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um innheimtu útsvara í Reykjavík.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir orðið sammála um þá úrlausn á málinu, sem samþ. var í hv. deild á vetrarþinginu 1931 (þskj. þess þings 190), og leggur því til, að frv. verði samþ. með ettirfarandi

BREYTINGUM.

1. 1. gr. frv. verði svo:
   Á eftir 2. málsgr. 27. gr. komi:

Þó má hreppsnefnd, með samþykki sýslunefndar, og bæjarstjórn, með samþykki atvinnumálaráðherra, ákveða aðra gjalddaga á útsvörum.

2. 2. gr. frv. verði: Í stað »½ ‰« í 30. gr. komi: 1 ‰.
3. 3. gr. frv. falli niður. Greinatalan breytist eftir því.
4. Fyrirsögn frv. verði:

Frv. til l. um breyting á l. nr. 46, 15. júní 1926, um útsvör.

Alþingi, 24. júlí 1931.

Bergur Jónsson, form. Einar Arnórsson, frsm.

Jón Ólafsson. Lárus Helgason. Sveinbjörn Högnason, fundaskrifari.